# Hitt Húsið

**Kynning fyrir mannréttindaráði Reykjavíkur**

**- Inngilding og menningarlegur fjölbreytileiki -**

Auður Kamma Einarsdóttir, deildarstjóri atvinnumála og forvarna

Ása Hauksdóttir, deildarstjóri menningardeildar



# Hitt Húsið samanstendur af fjórum deildum

Atvinnumál og forvarnir

Frítímastarf fatlaðra

Menningardeild

Upplýsingamiðstöð

Reykjavík

# HITT HÚSIÐ
# INNGILDING

Inngilding felur í sér að viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum. Inngilding snýr að því að virkja allt fólk til þátttöku og gefa fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í ákvarðanatöku.

Í Hinu húsinu starfar fjölbreyttur hópur fólks og því er lögð áhersla á inngildandi vinnustaðamenningu sem felur í sér virðingu, samvinnu og virka þátttöku og framlag frá öllu starfsfólki.

Áhersla er lögð á að sýna þjónustuþegunum ávallt virðingu, jafnrétti og viðhafa fagleg og innihaldsrík fjölmenningarleg samskipti.

Í öllum þáttum starfsins er lögð áhersla á að hafa aðgengilegar upplýsingar fyrir öll og að útgefið efni sé einnig á ensku eða öðrum tungumálum þegar því er viðkomið



# Menningarstarf fyrir öll

Reykjavík

# Hitt Húsið - Menningardeild

- Að skapa er að finna upp, gera tilraunir, vaxa, brjóta reglur, gera mistök og skemmta sér.

Þessi skilgreining á vel við það menningarstarf sem fer fram í Hinu Húsinu.

# Leiðarljós

Að Hitt Húsið endurspegli menningu ungs fólks og veiti ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma verkefnum á sviði lista til framkvæmdar

Áhersla er á virka þátttöku, reynslunám og að verkefnin séu uppbyggjandi og fræðandi fyrir unga fólkið og móti farvegar til framtíðar fyrir ungt fólk til lýðræðislegrar þátttöku og áhrifa í samfélaginu á sviði menninga og lista.

Að veita vandað og faglegt starf á sviðum þjónustunnar sem stuðlar að öflugu listuppeldi á meðal ungs fólks

Reykjavík

# Verkefni

**Gallerí** – lærdómsferli að setja upp sýningu, jafnt fyrir leika sem lærða.

**Músíktilraunir** – Tónlistarkeppni og hátíð fyrir öll á aldrinum 13 -25 ára.

**Unglist – Listahátíð ungs fólks** – vikulöng hátíð á haustin.

# Verkefni

**Götuleikhús Hins Hússins -** starfar í 8 vikur yfir sumartímann,

**Listhópar Hins Hússins** - starfar í 8 vikur yfir sumartímann

**Stage Europe Network-Erlent samstarfsverkefni- 8 lönd**
Ungmennaskiptiverkefni-tækifæri fyrir hljómsveitir.

**Önnur menningartengd  verkefni heima og að heiman**

# Gallerí Hins Hússins



# Gallerí Hins Hússins

Er sýningarrými fyrir ungmenni á aldrinum 16 -25 ára.

Það kostar ekkert að sýna í Galleríinu.

Unga fólkið fær leiðsögn í að setja upp sýninguna.

Umsóknareyðublöð, lærdómsferli að setja upp sýningu.

Jafnt fyrir leika sem lærða.

Hver sýning stendur í 1 mánuður .

# Músíktilraunir



# Músíktilraunir

Tónlistarhátíð fyrir ungt upprennandi tónlistarfólk sem hefur verið haldin árlega frá 1982.

Hefur verið mikilvægur þáttur í framþróun á íslensku tónlistarsenunni.

Ungmenni á aldrinum 13-25 ára geta sótt um þátttöku á heimasíðu tilraunanna, frumsamin tónlist.

Hefur allt frá upphafi verið stökkpallur fyrir tónlistarfólk og hljómsveitir s.s. Mammút, Of Monster and Men, Samaris, Acent Fresco, gusgusar.

Verður 20. -28 mars 2026 í Hörpu-Norðurljósum.

**www.musiktilraunir.is**



# Unglist – listahátíð ungs fólks

Reykjavík

# Unglist – listahátíð ungs fólks

Árleg hátíð með fjölbreyttum viðburðum.

31.október - 07. nóvember 2026

Að vera farvegur fyrir ungt fólk til þátttöku og áhrifa á sviði menninga og lista.

Að allir menningarkimar og öll ungmenni fái tækifæri á að koma listsköpun sinni á framfæri.

Að stuðla að samvinnu við aðila og stofnanir sem vinna að listum og menningu fyrir og með ungu fólki

# Unglist – listahátíð ungs fólks

- Ungt fólk heldur utan um hvern dagskrálíði fyrir sig
- Allar listgreinar, leiklist, dans, myndlist, tónlist o.s.frv.
- Samvinna við helstu menntastofnanir
- Fer fram víðsvegar um borgina s.s Hörpu & Borgarleikhúsinu
- 450 virkir þátttakendur og 3500 gestir
- Kostar ekkert inn á viðburðina

# Listhópar Hins Hússins





Listhópar Hins Hússins er verkefni sem veitir ungu upprennandi listafólki tækifæri á að vinna að list sinni og eigin verkefnum í 8 vikur yfir sumarið.

Umsækjendur þurfa að skila inn umsókn með verkefnalýsingu. Fimm manna nefnd velur úr innsendum verkefnum. Einungis um laun að ræða en ekki önnur fjármögnun á verkefninu.

Starf hópanna styður og eflir menningarlífið í borginni yfir sumartímann og gefur unga fólkinu tækifæri á að vera virkir þátttakendur í mótun menningarstefnu og viðburða í borginni

Unga listafólkið fær möguleika á að efla félagsfærni og frumkvæði í gegnum skapandi starf

# Götuleikhús Hins Hússins



# Götuleikhús Hins Hússins

- Sumarstarf fyrir ungt fólk á aldrinum 17-25 ára með áhuga á leiklist
- Öllum umsækjendum boðið í inntökuprufu
- Götuleikhúsið sér um ýmsar leikrænar uppákomur á sumrin,s.s 17.júní
- Vinna með leikstjóra og búningahönnuði
- Vagga leiklistar sem hefur fóstrað okkar bestu leikara frá 1992

# Erlent samstarf



# Erlent samstarf – Stage Europe Network

Samvinnuverkefni átta landa: Ísland, Noregur, Eistland, Þýskaland, Holland, Frakkland, Úkranía og Pólland. Hefur verið starfandi frá 2009.

Hefur tvíþætt markmið: Að miðla fagþekkingu á milli stofnaðilanna og að veita ungum upprennandi hljómsveitum tækifæri á að vinna saman og spila á erlendri grund.

Vinningshafar Músíktilraunanna eru þátttakendur.

# Erlent samstarf

Önnur allskonar lærdómsrík samvinnuverkefni erlendis.

S.s.. Götuleikhúsið til Lettlands og tugi ungmennaskipta-
verkefni úti um heima og geima, hér og þar og allstaðar.

Íslensk ungmenni unnið með ungmennum frá Marokko, Túnis, Lettland, Finnland, Grikklandi, Eistlandi, Danmörku,Frakklandi, Belgiu, Þýskalandi, Póllandi, Noregi,Hollandi o.s.frv

Eflir skilning - eykur viðsýni - miðlun fagþekkingar

# Frítímastarf fatlaðra

Reykjavík

# Frítímastarf fatlaðra

Er fyrir ungmenni á starfsbrautum framhaldsskólanna frá kl.13-17 á daginn.

Rétt eins og önnur ungmenni á þessum aldri sækja þau mikið í félagsskap jafnaldra og því er Hitt húsið kjörinn vettvangur fyrir slíkt. Hér koma þau saman úr ólíkum áttum og taka þátt í frítímastarfi.

Þá verður einnig þessi blöndun meðal ungs fólks - fatlaðs og ófatlaðs fólks - sem er svo dýrmæt, að sjá fjölbreytileikann og vera í samskiptum og samveru við önnur ungmenni.

Reykjavík

# Vinnutengt frítímastarf

Á sumrin bjóðum við upp á vinnutengd sumarstarf. Þar fá ungmennin tækifæri til að koma inn á almennan vinnumarkað, undir okkar handleiðslu, og prófa hin ýmsu störf.

Tækifæri sem ungmennin fengju að öllu jöfnu ekki.

Reykjavík

# Alþjóðlegt samstarf í frítímastarfi fatlaðra

- Þar sem fötluðum ungmennum gefst tækifæri á að hitta og kynnast öðrum ungmennum og menningu frá öðrum löndum.
- M.a. verkefni þar sem þátttakendur eru bæði fötluð og ófötluð.
- Ungmennin fá tækifæri til að ferðast, kynnast nýju fólki, eflast, styrkjast og prófa eitthvað nýtt.

# Upplýsingamiðstöð

Reykjavík

# Upplýsingamiðstöð

- Upplýsingamiðstöð er ein af deildunum í Hinu Húsinu.

- Hún leggur áherslu á sköpun, menningarlega fjölbreytni og aðgengi.

- Þar eru til dæmis tvö hljóðver, stórt tónleika-, viðburða- og dansrými, Dungeons & Dragon-hópur, borðtennis og billjard og margt fleira.

- Ungmenni á aldrinum 16-25 ára eru velkomin mánudaga til fimmtudaga kl. 17-22.

# Upplýsingamiðstöð

**Menningarsmakk**

Er kvöldstund einu sinni í viku þar sem ungmenni með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn hittast, elda og borða saman. Hugmyndin er að elda mismunandi rétti og kynnast hvert öðru betur.

Reykjavík

# Deild atvinnumála og forvarna

Reykjavík

# Tengjumst/Vinatengsl

- Virkninámskeið fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára sem hafa hlotið alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum
- Eru hluti af NEET-hópnum (Not in education, Employment or Training)
- Tveggja ár samstarfsverkefni með Velferðarsviði - samræmdri móttöku flóttafólks
- Styrkur upp á 8,9 milljónir frá mennta- og barnamálaráðuneytinu
- Námskeiðin hafa farið fram á spænsku, arabísku, úkraínsku, ensku og íslensku

# Virkninámskeiðið Tengjumst

## Námsþættir

- Styrkleikar og samskipti
- Vellíðan og félagsleg virkni
- Menningarlæsi og borgaravitund
- Tækifæri á vinnumarkaði
- Framkoma og markmiðasetning
- Tómstundir og nám
- Hagnýt ráð í atvinnuleit



## Umsagnir þátttakenda af námskeiðunum

„Best, frábært fólk“

„Annað námskeið, takk“

„Ég vil þakka leiðbeinendunum fyrir hollustu þeirra til námskeiðsins. Ég er mjög ánægð og sátt við það, ég vona að það geti verið framhaldshluti af námskeiðinu sem ég myndi elska að taka þátt í ☺“

„Ég myndi mæla með því 100%. Það myndi hjálpa mikið með líðan þína, við að læra, kynnast nýju fólki og umgangast fleira fólk. Það myndi hjálpa þér að dreifa huganum.“

„Takk fyrir allt, ég var í mjög slæmri stöðu og að koma hingað var gott fyrir mig“

„… Mér fannst gott að læra um og leika atvinnuviðtöl, ég var líka hrifin af hópavinnunni“

„Við kynntumst nýju fólki. Við lærðum að umgangast fjölbreyttari hóp fólks. Mér fannst brauðið gott. Ég vildi óska þess að það væri framhaldshluti af námskeiðinu.“

Reykjavík




# Jafningjafræðsla Hins Hússins

Reykjavík

# Jafningjafræðsla
# Hins Hússins

- Forvarnar- og fræðslustarf sem gengur út á það að ungt fólk fræði jafnaldra sína um málefni ungs fólks (e. Peer education).

- Jafningjafræðararnir starfa í 8 vikur á sumrin við það að veita ungmennum á aldrinum 14-15 ára heilsdagsfræðslu í Vinnuskóla Reykjavíkur og sértækum félagsmiðstöðvahópum.

- 11 jafningjafræðarar eru ráðnir ár hvert sem eru á bilinu 16-19 ára.




Reykjavík

# Jafningjafræðslan

- Fræðslan samanstendur af nafnaleikjum, hópeflisleikjum og fræðslu um allskyns málefni sem brenna á ungu fólki.
- Starfið er eftirsótt og höfum við fengið allt að 400 umsóknir á einu ári.
- Í umsóknarferlinu þurfa umsækjendur að:

    - senda inn kynningarmyndband

    - taka þátt í inntökuprufum sem er stýrt af leikstjóra

    - koma í atvinnuviðtal

Reykjavík

## Undirbúningsnámskeið jafningjafræðslunnar



Jafningjafræðararnir sitja 3ja vikna námskeið í Hinu Húsinu þar sem áhersla er lögð á hópefli, myndun trausts, leiðtogaþjálfun og framkomu. Einnig eru sérfræðingar fengnir inn til að halda fyrirlestra um málefni sem líkleg eru til að koma upp. T.a.m.

- Fordóma og hatursorðræðu
- Hinsegin málefni
- Jafnrétti
- Ofbeldi og ofbeldismenningu
- Stríðsátök í heiminum
- Inngildingu o.fl.

Reykjavík



## Sumarstarf Jafningjafræðslunnar

Á sumrin fer fræðslan fram í vinnuskólahópum í Vinnuskóla Reykjavíkur og sértækum félagsmiðstöðvahópum

Jafningjafræðslan veitti öllum ungmennum á 1. og 2. tímabili í vinnuskólanum jafningjafræðslu. Samtals um 1400 ungmennum.

Áhersla lögð á fordóma hjá Jafningjafræðslunni og að halda vel utan um hópa og einstaklinga í fræðslu með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Reykjavík

# Vetrarstarf jafningjafræðslunnar

Á veturna býður Jafningjafræðslan framhaldsskólum upp á að fá jafningjafræðslu fyrir nýnema sér að kostnaðarlausu (ef fjármagn er til staðar en vetrarstarfið er alfarið háð styrkjum).

Jafningjafræðslan fer inn í allt að 10 mismunandi hópa í einum framhaldsskóla með 40-120 mínútna fræðslu.

Reykjavík

# Sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu

- Tilraunaverkefni sem hefur verið framkvæmt af Hinu Húsinu sl. tvö sumur í samvinnu við MOS.
- Verkefnið snýr að því að koma 17 ára ungmennum í viðkvæmri stöðu í sumarstörf innan borgarinnar með einstaklingsmiðuðum stuðningi og utanumhaldi.
- Í sumar var um 40 stöðugildi að ræða sem voru nýtt til að ráða 55 einstaklinga - miðað við að hver einstaklingur fengi mest 8 vikur í starfi.
- Flotinn – flakkandi félagsmiðstöð bauð 12 ungmennum starf.
- Sum ungmennanna voru tilnefnd af samræmdri móttöku flóttafólks og höfðu fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

Reykjavík

## Týndi hópurinn – 16-18 ára

Þessi aldurshópur hefur átt erfitt með að fá sumarstarf þar sem Vinnuskóli Reykjavíkur nær einungis upp að 16 ára
aldri flest hefðbundin sumarstörf eru ætluð 18+ í samræmi við gildandi vinnulöggjöf.

Þar af leiðandi lenda margir 17 ára einstaklingar milli skips og bryggju.

Rannsóknir hafa sýnt að atvinnuleysi á þessum aldri geti haft keðjuverkandi áhrif og hefur það því ótvírætt forvarnargildi að ólögráða ungmennum í viðkvæmri stöðu sé boðið tækifæri og veittur stuðningur til að komast í starf yfir sumartímann.

Verkefnið gekk ótrúlega vel og mikil ánægja með það, bæði hjá ungmennum og vinnustöðum.

Vinnustaðir á flestum sviðum borgarinnar tóku þátt. Dæmi um að þátttakendur hafi verið ráðnir áfram á þeim vinnustað þar sem þeir hlutu sumarráðningu.

Reykjavík

„X hefur staðið sig mjög vel. Hann er duglegur, hlustar vel á fyrirmæli og útskýringar og spyr ef hann er óviss með eitthvað. Myndi jafnvel segja að hann væri öflugur í því starfi sem hann hefur verið að sinna hér. Hjálpsamur, duglegur, vinalegur, lærdómsfús svo eitthvað sé nefnt“

Reykjavík

# Atvinnuráðgjöf

- Ungu fólki á aldrinum 16-25 ára stendur til boða ókeypis atvinnuráðgjöf í Hinu Húsinu.
- Ungmennin hitta atvinnuráðgjafa sem gefur ýmis gagnleg ráð og skjöl varðandi atvinnu-leitina.

Atvinnuráðgjafinn getur aðstoðað við:

- að gera eða bæta ferilskrá
- að gera eða bæta kynningarbréf
- starfsumsóknir
- undirbúning fyrir atvinnuviðtöl
- og gefið gagnleg skjöl og góð ráð fyrir atvinnuleitina

Reykjavík


Atvinnuráðgjöf í Hinu Húsinu 2025-2026
30
71
Ríkisfang ISL
Ríkisfang annað



# Vinfús

•Sértækt hópastarf fyrir 16-20 ára ungmenni sem hafa einangrast félagslega.

•Áhersla lögð á að æfa félagsfærni og að styðja við tengslamyndun á milli ungmennanna.

•Ungmennin móta dagskrána með leiðbeinendum.

•Fjölbreytt dagskrá, bæði í Hinu Húsinu og um alla borg.

Reykjavík

# Takk fyrir okkur!




This Photo by Unknown Author is licensed under CC BY-SA